



BORGARBYGGÐ

**STEFNA
BORGARBYGGÐAR**

**Í MÁLEFNUM
ELDRI BORGARA**

2018-2025

The background is a complex, abstract composition of brushstrokes. It features a palette of various shades of blue, from light and airy to deep, dark tones, interspersed with earthy brown and reddish-brown accents. The strokes are layered and textured, creating a sense of depth and movement. Some areas show more uniform, repetitive strokes, while others are more chaotic and layered. The overall effect is that of a rich, painterly texture.

FORMÁLI

Ákveðið var að endurskoða stefnu Borgarbyggðar í málefnum eldri borgara frá árinu 2013 og var stýrihópur myndaður um verkefnið. Hlutverk stýrihópsins var að endurskoða stefnuna í nánú samráði við hagsmunaaðila. Hópurinn studdist við stefnumótun í þjónustu við aldraða sem unnin var af SSV árið 2011. Einnig tók hann mið af skýrslu vinnuhóps um þjónustu við aldraða í Borgarbyggð frá því í apríl 2013 til ársins 2016. Að auki var tekið mið af viðmiðum um aldursvænar borgir. Tveir opnir íbúafundir um stefnumótunina voru haldnir í febrúar 2018, annars vegar á Borgarbraut 65a og hins vegar í félagsheimilinu Brún.

Eftirfarandi fulltrúar sátu í stýrihópi um endurskoðun stefnunnar ásamt sviðsstjóra fjölskyldusviðs og félagsmálastjóra:

Hulda Hrönn Sigurðardóttir, formaður velferðarnefndar
Guðrún María Harðardóttir, formaður félags eldri borgara í Borgarnesi og nágrenni
Magnús B. Jónsson, formaður félags aldraðra í Borgarfjarðardölum
Friðrik Aspelund, fulltrúi velferðarnefndar
Kristín Erla Guðmundsdóttir, fulltrúi velferðarnefndar
Sigurður Helgason, formaður eldri borgararáðs

Stuðst er við skilgreiningu OECD á þeim sem teljast aldraðir, en það eru þeir sem náð hafa 65 ára aldri.

Í stefnu í málefnum eldri borgara í Borgarbyggð má finna framtíðarsýn sveitarfélagsins. Í henni koma fram helstu markmið og áherslur ásamt hlutverki og ábyrgð þeirra aðila sem koma að málefnum aldraðra. Til að fylgja stefnunni eftir verður unnin árleg aðgerðaáætlun ásamt kostnaðaráætlun þar sem skilgreindir ábyrgðaraðilar verða að einstökum verkefnum.

Stefna í málefnum eldri borgara í Borgarbyggð 2018-2025 var samþykkt í sveitarstjórn 27. mars 2018.

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
Þjónusta, hugmyndafræði og gildi	6
Þátttaka og samráð	7
Heilsuefling og forvarnir	8
Samgöngur/Umhverfi	9
Húsnæði og búseta	10
Virkni, þátttaka og miðlun þekkingar	11
Upplýsingar um þjónustu	12
Tæknin	13

ÞJÓNUSTA, HUGMYNDAFRÆÐI OG GILDI

Í Borgarbyggð er gott mannlíf, fjölbreytt félagsstarf og náttúrufegurð. Íbúar sveitarfélagsins búa yfir mannauði og þekkingu sem mikilvægt er að nýtist í samfélaginu. Því er virk þátttaka allra lykilatriði. Borgarbyggð leggur áherslu á að miða þjónustu sína við fjölbreyttar þarfir eldri borgara. Það er gert í nánu samráði við íbúa og með virku samtali.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Jákvætt viðhorf og gleði

Heilbrigðan lífsstíl

Frumkvæði íbúa

Gott aðgengi að þjónustu

Gott aðgengi að verslun

Öryggi eldri borgara

Menningu

Að styrkja þéttbýliskjarna
í sveitarfélaginu

Að fólk hjálpist að og líti til
hvert með öðru

Að stuðla að virkni eldri borgara
í málefnum samfélagsins

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Þjóða uppá fræðslu um líðan

Semja við verslanir um
heimsendingu til eldri borgara

Efla þjónustu Safnahúss/bókasafns

Efla heimþjónustu í dreifbýli

Þjóða heimsendingu á mat í dreifbýli

ÞÁTTTAKA OG SAMRÁÐ

Hvatt er til virkni eldri borgara í allri starfsemi sveitarfélagsins, svo sem menningu, listum og félagsstarfi. Sjónarmið eldri borgara eru mikilvæg varðandi þróun og uppbyggingu sveitarfélagsins. Samstarf frjálsra félagsamtaka eins og félaga eldri borgara í Borgarbyggð og sveitarfélagsins í uppbyggingu sveitarfélagsins á að vera náðið. Eldri borgara ráð er formlegur ráðgefandi aðili til sveitarstjórnar í málefnum eldri borgara.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Félagsstarf aldraðra
í Borgarnesi og í Brún

Þátttöku í menningar- og
listastarfsemi s.s. leiklistarstarfi
og kórstarfi

Regluleg kaffihúsakvöld

Fjöruga föstudaga

Fjölbreytt námskeið, s.s. tölvu-
námskeið, útskurðarnámskeið,
bókbandsnámskeið, tungumála-
námskeið, matreiðslunámskeið,
postulínsmálun, fjármálalæsi

Leikhúsferðir

Dans

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Standa fyrir og skipuleggja fjölbreytt
námskeið fyrir eldri borgara

Standa fyrir opnum íbúafundum um
málefni sveitarfélagsins með þátttöku
eldri borgara

Styrkja félagsstarf aldraðra í þéttbýli
og dreifbýli

HEILSUEFLING OG FORVARNIR

Borgarbyggð er heilsueflandi samfélag. Lögð er áhersla á líkamlega, andlega og félagslega heilsu sem er undirstaða góðrar líðanar og lífsgæða.

Sveitarfélagið stefnir á að efla íþrótta- og tómstundastarf eldri borgara með það að markmiði að viðhalda og bæta heilbrigði og auka lífsgæði þeirra. Forvarnir, fræðsla, upplýsingar og gott aðgengi að heilsueflandi þjónustu fyrir eldri borgara í Borgarbyggð eru mikilvægir þættir í heilsueflandi samfélagi. Almenn fræðsla um heilsutengd málefni verður reglulega í boði fyrir íbúa Borgarbyggðar.

LÖGD ER ÁHERSLA Á:

Fræðslu um hreyfingu, mataræði og vellíðan

Bætta heilbrigðisþjónustu

Gott næringarinnihald matar í mótuneytum á vegum Borgarbyggðar

Leikfimi og gott aðgengi að tækjasal íþróttamannvirkja

Gott aðgengi að sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun og sálgæslu

Útiveru og hreyfingu

Að tengja betur saman hverfi með gangstígum

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Skipuleggja leikfimi og sundleikfimi í öllum íþróttamannvirkjum

Skipuleggja gönguklúbba

Skipuleggja jóga

Bæta gagnstéttir og göngustíga

Fjölga bekkjum við göngustíga

Setja viðmið um gæði matar í mótuneytum Borgarbyggðar

Stuðla að bættri heilbrigðisþjónustu

SAMGÖNGUR/ UMHVERFI

Í víðfeðmu sveitarfélagi eins og Borgarbyggð hafa samgöngur mikil áhrif. Til að auðvelda búsetu í heimahúsi sem lengst er brýnt að huga vel að samgöngum. Mikilvægt er að greiðar og góðar samgöngur séu í boði innan sveitarfélagsins og út í dreifbýlið þannig að fólk komist leiðar sinnar til að sinna þörfum sínum utan heimilis og eigi kost á að rjúfa félagslega einangrun sem hættu er á að skapist. Leita þarf fjölbreyttra lausna og bæta samgöngur í Borgarbyggð.

Aðlaðandi gönguleiðir, greiðfærir og upplýstir göngustígar, bekkir á gönguleiðum og falleg og aðgengileg útivistarsvæði auðvelda ferðir eldri borgara og stuðla að útiveru og auknum lífsgæðum.

LÖGD ER ÁHERSLA Á:

Að varðveita hreint loft og fallega náttúru

Kyrrlátt umhverfi

Snyrtilegt umhverfi

Samgöngubætur

Snjómokstur og hálfuvarnir

Bætt tölvusamband – ljósleiðara

Þátttöku íbúa í snyrtingu á nærumhverfi

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Jafna aðgengi íbúa að þjónustu með samgöngubótum

Halda umhverfi snyrtilegu með þátttöku íbúa

Ljósleiðaravæða Borgarbyggð

Hafa reglulega hreinsunardaga

HÚSNÆÐI OG BÚSETA

Borgarbyggð mun leggja áherslu á fjölbreytt búsetuúrræði til að mæta þörfum ólíkra fjölskyldugerða og ólíkra aldurshópa í sveitarfélaginu. Stuðlað verður að því að fólki verði gert kleift að búa heima hjá sér eins lengi og unnt er. Það verður gert með öflugri, fjölbreyttri þjónustu svo sem með heimsendum mat, félagslegri heimaþjónustu og dagdvöl. Félagsleg heimaþjónusta er ein af grunnstoðunum til að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem búa heima. Þjónustan þarf að vera valdeflandi og miða að því að viðhalda og efla færni og lífsgæði fólks.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Fjölbreytt búsetuúrræði
Fjölbreytta heimaþjónustu
Afslátt af fasteignagjöldum
fyrir eldri borgara

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Sveitarfélagið greiði fyrir uppbyggingu íbúða
Auka lóðaframboð fyrir fjölbreytta búsetu
Efla heimaþjónustu, sérstaklega í dreifbýli
Koma á heimsendingarþjónustu
í samvinnu við verslanir
Efla samgöngur í sveitarfélaginu t.d.
með samningum við einkaaðila

VIRKNI, ÞÁTTTAKA OG MIÐLUN ÞEKKINGAR

Virk félagsleg þátttaka er öllum mikilvæg. Það hefur jákvæð áhrif á líðan og velferð og kemur í veg fyrir einangrun. Fjölbreytt félags- og íþróttastarf mætir ólíkum þörfum einstaklinga og hvetur til virkni. Einnig hefur virk þátttaka í samfélaginu afar jákvæð áhrif og hvetur Borgarbyggð eldri borgara til þátttöku í samfélagslegum verkefnum eins og t.d. ýmiss konar sjálfbodaðliðastarfi, hlutastarfi og þátttöku í nefndum sveitarfélagsins.

Eldri borgarar í Borgarbyggð búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu, reynslu og vísu um hefðir og menningu sem mikilvægt er að miðla milli kynslóða. Borgarbyggð vill stuðla að auknum samskiptum eldri og yngri borgara með miðlun þekkingar og reynslu milli kynslóða. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti, t.d. með því að unglingar kenni eldri borgurum á ýmsa nútímatækni og að eldri borgarar kenni þeim yngri í leikskólum, grunnskólum og á öðrum vettvangi.

LÖGD ER ÁHERSLA Á:

Miðlun þekkingar um nærsamfélagið

Ættartengsl

Fjölskyldubönd

Fornsagnafræðslu

Fræðslufundi

Samstarf félagasamtaka

Sjálfræði eldri borgara

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Skólarnir hafi frumkvæði að því að fá eldri borgara til að miðla þekkingu

Eldri borgarar óski eftir fræðslu nemenda um t.d. tölvur

Nemendur Tónlistarskólans haldi kynningar fyrir eldri borgara

Eldri borgarar standi fyrir hannyrðakennslu í leikskólum og grunnskólum

Íbúar aðstoði eldri borgara í akstri milli staða

Sveitarfélagið bjóði eldri borgurum hlutastörf við hæfi

Sveitarfélagið styðji við starf félaga eldri borgara

UPPLÝSINGAR UM ÞJÓNUSTU

Borgarbyggð leggur áherslu á gott aðgengi að upplýsingum um þjónustu fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að upplýsingar séu skýrar um þjónustu og möguleika sem eru í boði. Brýnt er að heimasíða sveitarfélagsins hýsi aðgengilegar upplýsingar um alla þá þjónustu á vegum Borgarbyggðar sem í boði er. Þar séu einnig upplýsingar um þá aðila sem þjónusta eldri borgara í Borgarbyggð á vegum annarra en sveitarfélagsins. Má þar nefna heimahjúkrun, heilsugæslu, frjáls félagasamtök auk annarra aðila. Einnig þarf að standa vel að upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu til aðstandenda.

Tvö félög eldri borgara eru starfrækt í Borgarbyggð. Sveitarfélagið styður við starf þeirra, hvetur þau til að vinna saman þegar við á og upplýsir um starfsemi þeirra á vef sínum.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Aðgengilegar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins

Aðgengilegar upplýsingar um afþreyingu, félags- og íþróttastarf

Aðgengilegar upplýsingar um réttindi aldraðra

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Auka og einfalda upplýsingar á heimasíðu Borgarbyggðar

Senda eldri borgurum reglulega upplýsingar um afþreyingu, félags- og íþróttastarf sem og hlutastörf á vegum sveitarfélagsins

Auka upplýsingar um réttindi aldraðra á heimasíðu Borgarbyggðar

TÆKNIN

Borgarbyggð stefnir að því að fylgjast vel með þróun í málefnum eldri borgara og að sú þjónusta sem í boði er sé í fararbroddi. Horft verður til þess að byggja upp nútímalega félagsþjónustu fyrir aldraða og nýta þá tækni í þjónustu sem reynst hefur vel. Upplýsingum um framboð á velferðartækni sem nýst getur eldri borgurum verður komið á framfæri á næstu árum.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Tölvufærni

Gott og öflugt netsamband

ÞAÐ VERÐUR GERT MEÐ ÞVÍ AÐ:

Halda regluleg tölvunámskeið
í samstarfi félaga eldri borgara
og skóla

Ljósleiðaravæða Borgarbyggð

